

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna, sbr. ósk Kristínar þar um í erfðaskrá. Kristín var fædd 1. júní 1909 og andaðist 11. október 1994.

## 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er aðallega að aðstoða fötluð börn og unglinga s.s. til menntunar og sérmenntunar þeirra í samræmi við hæfni þeirra og möguleika, þannig að þau fái sem líkasta uppvaxtarmöguleika og heilbrigð börn.

## 3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

## 4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er krónur 24.080.628, -tuttugu og fjórar milljónir og átta tíu þúsund sex hundruð tuttugu og átta- og 50% eignarhluti íbúðar nr. 56 við Kleppsveg í Reykjavík (heildarverðmæti íbúðarinnar skv. fasteignamatí er krónur 4.041.000). Stofnféð er allt fengið úr dánarbúi Kristínar Björnsdóttur skv. ákvörðun hennar þar um í erfðaskrá.

## 5. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og er í vörslu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og þriðji skal vera framkvæmdastjóri félagsins. Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til 1. mars 1997.

## 7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
- b) Gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
- c) Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

## 8. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins (sbr. 4. gr.) sem tryggilegast og arðvænlegast. Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins um helming miðað við verðgildi hans 28. desember 1995, sem er móttökudagur fjárins. Þegar því marki hefur verið náð má verja árlægum tekjum hans. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næsta ári, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum.

## 10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu fatlaðra.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hefur samþykkt hana.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

21. júní 1996

Nr. 347

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990,  
um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.
- b. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 2. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Hundraðshluti í fyrsta staflið verði: 4,65.
- b. Hundraðshluti í öðrum staflið verði: 5,25.
- c. Hundraðshluti í þriðja staflið verði: 3,75.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og lög nr. 86/1996, til að öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*